

VIÐ STAÐSETNINGU ÚTÍHLUTAR VARMADÆLUNAR ER RÉTT AÐ HAFA Í HUGA.

Leitast skal við að hafa útihluta varmadælunar í skjóli fyrir ríkjandi vindátt eða þar sem snjóalög eru léttust. Við vissar aðstæður getur verið nauðsynlegt að byggja skýli yfir eða umhverfis útihlutann, sem draga myndi úr foki og vatnsálagi án þess að hindra nauðsynleg loftskipti. Vanræksla á þessu getur gert það að verkum að ábyrgð falli niður. Næst úti hlutanum getur gætt nokkurar kælingar og sérstaklega þegar viftur hennar ganga á fullum afköstum.

Undir útihlutanum getur myndast ís vegna vatns sem rennur frá dælunni við afhrímingu eða við keyrslu hennar við hátt rakastig. Nauðsynlegt er að staðsetja dæluna að minnsta kosti 1 metra frá jörðu og í þeirri hæð að ekki safnist snjór að henni. Hámarks lengd á milli inni og úti dælu er 15 metrar. Bæta þarf á kerfið (R410A) ef lengd fer yfir 10 metrar.

Innifalið í uppsetningu eru vinklar sem smíðaðir eru úr ryðfríu stáli (ekki eingöngu húðaðir) sem festast á vegg viðkomandi byggingar. Kaupandi þarf nauðsynlega að hafa í huga að nægileg festa sé í því virki sem varmadælan festist á, enn annars sjá um styrkingu hans. Útihluti varmadælnnar er knúin viftum og pressu sem óhjákvæmilega gefa frá sér lágvært hljóð. Til þess að draga úr hljóðleiðni frá varmadælunni fylgja gúmí púðar sem staðsetjas á milli dælunar og vinkla/fetingana, þrátt fyrir það getur einhver hljóðleiðni orðið milli dælu og viðkomandi byggingarhluta. Í sumum tilvikum getur verið best að staðsetja útihlutann á undirstöðum t.d. steypuklossum sem ekki tengjast burðarvirki viðkomandi byggingar sérstaklega ef staðsetning varmadælunar er nálægt þar sem sofið er.

VIÐ STAÐSETNINGU INNIHLUTA LOFT Í LOFT DÆLUNAR BER AÐ HAFA Í HUGA

Það þarf að huga vel að því hvar best er að staðsetja innihluta loft í loft varmadæla, innihlutanum sem samanstendur af hitaldi og öflugum hraðastýrðum blásara er oftast best að koma fyrir í stærsta rými byggingar stofu/alrými eða á hverjum þeim stað sem vænta má bestar hitadreifingar.

Gagnlegt og æskilegt getur verið fyrir þann sem setur upp dæluna að fá sendar teikningar eða uppdrátt af viðkomandi byggingu til að auðvelda val staðsetningar og undirbúning áður en að henni kemur.

Þegar innihlutinn gengur á fullum afköstum er töluverð hreyfing á loftinu í rýminu næst honum einkum beint undir blásaranum og til hliðana þar sem heitt/kalt loft streymir niður að gólfinu. Vegna þessa er gott að hafa það í huga að staðsetja hann síður þar sem fólk hefur stöðuga viðveru t.d. við borðkrók eða yfir sófa. Samt sem áður eru LG Nordic Prestige varmadælnnar með sjálfvirkum hreyfiskynjurum (AUTO stilling) sem beina blæstrinum eftir því sem við á svo að þetta ætti aldrei að vera til óþæginda.

Það þarf ekki að huga að ílátum eða niðurfalli vegna innidælunar þar sem að við leggjum frárenslis rör frá inni dælu í samfloti við leiðslur að útidælu sem yfirleitt er síðan leidd niður utandyra með vegg viðkomandi mannvirkis.

Þar sem að LG Nordic Prestige varmadælnnar eru þær lágværustu á markaðnum, þarf varla að sæta lagi með staðsetningu innan hús, a) LH stilling (sleep) 9-13° b) lágvær stilling 17db c) miðlungs stilling 25db d) hærri stilling 33db e) hæðsta stilling (JET) 39db. (hægt að velja um Auto og Manual) Einnig er hægt að stilla blásturinn þannig að hann færir til (swing) i.e. færir blásturinn sjálfvirkt frá vinstri til hægri eða upp og niður eftir því sem maður velur.

Lágmarks loftræstingu þarf að tryggja í því rými sem innihluti varmadælunar er staðsett.

Almennt gilda sömu forsendur fyrir staðsetningu innihluta varmadælu og annarra tækja til húshitunar og er kaupanda bent á að kynna sér reglur um slíkt í byggingarreglugerð